



Vegna skýrslu um grunnástand

Pharmarctica metur svo að starfsemi fyrirtækisins feli ekki í sér losun hættulegra efna sem geti mögulega mengað jarðveg né grunnvatn. Sú niðurstaða er dregin af þekkingu á efnunum og reynslu við notkun á þeim. Pharmarctica notar hráefni sem flokkast sem skaðleg og mengandi en þessi hráefni eru notuð til framleiðslu á snyrtivörum, fæðubótarefnum og lyfjum. Þessi hráefni eru geymd á lager Pharmarctica við kjöraðstæður.

- Öll hráefni eru meðhöndluð af ítrustu varúð með viðeigandi hlífðarbúnað til að verja starfsfólk. Öll hráefni eru geymd á lager þar sem ekki er niðurfall eða það blindað. Hráefni eiga því ekki menga grunnvatn eða jarðveg þar sem þau eru geymd.
- Á framleiðslusvæði fyrirtækisins eru vörur framleiddar. Þegar búið er að blanda vörur, eru efnin orðin það útpynnt að ef þau myndu leka í niðurfall myndu þau ekki teljast skaðleg né mengandi. Því má álykta að möguleiki á smávægilegum lekum efna eða alvarlegum atvikum sem valda mengun sé ekki fyrir hendi. Frá því starfsemi hófst í fyrirtækinu hefur aldrei komið upp sú staða að vara sem hefur mengandi áhrif hafi lekið í niðurfall og þess má geta að fyrirtækið hefur verið starfrækt í 17 ár.
- Pharmarctica er með fjölmörg og ólík hráefni og eru helstu efnin talin upp í viðauka 1.
- Aldrei er plönuð losun á mengandi efnunum.
- Öllum spilliefnum og fyrndum hráefnum er eytt í Terra Efnaeyðingu og kvittar starfsmaður þar fyrir móttökunni.
- Loftmengun frá fyrirtækinu er ekki til staðar, loftræstikerfi er í húsinu sem síar það loft sem fer út. Filterinn er fínsía af gerðinni EU7. Loftræstikerfið er þjónustað af fyrirtækinu Blikk&Tækniþjónustunni og er kerfið yfirfarið árlega og oftast ef þurfa þykir.
- Engin hættuleg efni eða efnatankar eru geymdir fyrir utan fyrirtækið og því ekki hættu á jarðvegsmengun eða grunnvatnsmengun af þeim sökum.

Pharmarctica lítur svo á að starfsemin feli ekki í sér losun hættulegra efna sem geti mögulega mengað jarðveg né grunnvatn og þurfi því ekki að skila inn skýrslu um grunnástand svæðisins.

Virðingarfyllst,

Margrét Ösp Stefánsdóttir
Gæðastjóri Pharmarctica



PHARMARCTICA

Viðauki 1

Heiti hráefnis	Magn notað fyrstu 6 mánuði ársins 2020
Paraffinum liquidum	280 kg
Olive oil extra virgin	38 kg
Vaselinum album	245 kg
Rapeseed oil	0 kg
Coconut oil	60 kg
Isopropanol	460 kg
Alcohol	7500 kg
Propanol	230 kg
Glycerolum	250 kg
Ammonium solution 25%	16 kg
Triamcinolone acetonide	19 gr
Hydrocortisone	60 gr
Clobetasol propionate	470 gr
Fluticasone propionate	7,2 gr

Tafla 1 – Sýnir nokkur af helstu mengandi efnunum Pharmarctica.